

L Ö G

um breyting á lögum nr. 66 23. júní 1936, um eyðing svartbaks (veiðibjöllu).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. másl. 1. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Þó er ríkissjóði eigi skylt að greiða meira en kr. 6.00 fyrir hvern skotinn svartbak.

2. gr.

Fyrir „10—100“ í 5. gr. laganna komi: 100—1000.

3. gr.

Fyrir „50—300“ í 6. gr. laganna komi: 500—3000.

4. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
Ráðherra setur reglugerð samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. marz 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa.

Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma til framkvæmda, sem þeir hafa ráðizt í á jörðum sínum á árunum 1956—1960, að báðum árunum meðtöldum.